

## Laus kragi í stað trefils



**Stærðir:** 6-12 mán. (2-4 ára) 6-8 ára

**Garn:** Dale baby, Sisu, Lanett eða annað garn sem hentar prjónastærð 3, 50 (50) 100 gr.

**Prjónar:** 40 cm hringprjón nr. 3

### **Tvöfalt perluprjón:**

umf. 1: prjónið \*1 l sl. og 1 l br.\* endurtakið \*-\* út umf

umf. 2: prjónið br yfir sl lykkjur og sl yfir br lykkjur

umf. 3: prjónið \*1 l br. og 1 l sl.\* endurtakið \*-\* út umf.

umf. 4: prjónið br yfir sl lykkjur og sl yfir br lykkjur

Endurtakið umf. 1-4 upp stykkið

Fitjið upp á prjóna nr. 3 48 (56) 60 lykkjur og prjónið fram og til baka tvöfalt perluprjón þar til stykkið mælist 10 (10) 12 cm., leggið til hliðar og prjónið annað stykki eins þar til það er 12 (13) 15 cm. (ég hef bakstykkið aðeins síðara svo það kippist ekki upp þó svo barnið horfi niður).

Sameinið stykkinn á lítinn hringprjón nr. 3 = 96 (112) 120 l á prjóninum. Prjónið nú í hring, 2 umf slétt og síðan stroff 2 sl. og 2 br. þar til stroffið mælist 10 (12) 14 cm. Fellið laust af með sl og br lykkjum. Gangið frá endum.